

Fundargerð

138. stjórnarfundur 10. febrúar 2023 kl. 14.00 á Teams

Fundarmenn: Guðmundur Kristján Óskarsson, Hrannar Már Hafberg, Stefán Guðnason, Hjördís Sigursteinsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir

1. Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir.

Engar athugasemdir bárust á síðustu fundargerð og hún samþykkt með lófaklappi.

2. Kjaraviðræður.

Formaður samninganefndar fór yfir það helsta í samningaviðræðunum.

Varpaði upp á skjá sérkröfum FHA og áherslum háskólastigsins fyrir árið 2023. Almenn umræða um kjarasamningana og kröfurnar fylgdu í kjölfarið.

3. Fyrirhuguð endurskoðun á kennslulíkani

Formlegt bréf barst frá skrifstofustjóra rektorsskrifstofu. Óskað var eftir að stjórn FHA tilnefni fulltrúa frá FHA í faghóp vegna endurskoðunar á kennslueiningalíkani HA á vormisseri.

Fulltrúi FHA verður Hjördís Sigursteinsdóttir. Almenn umræða um þessa endurskoðun á kennslulíkaninu varð í kjölfarið.

4. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir.

Fleira var rætt og fundi slitið kl. 15:10.

Stefán Guðnason ritaði fundargerð